



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Aðalstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2009
Mál nr. 0903012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006

Fyrr í vikunni var Landssambandi íslenskra útvegsmanna gefinn kostur á að koma til fundar við sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd þar sem til umfjöllunar var frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða – 429. mál.

Á fundinum kom fram að frumvarpið verði ekki sent til umsagnar með hefðbundnum hætti sem okkur finnst miður og tökum því þann kostinn að senda nefndarmönnum í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd bréf þetta. Bréfið er einnig sent Einari K. Guðfinnssyni alþingismanni sem sat fund nefndarinnar þegar málið var til umfjöllunar.

Megniatriði frumvarpsins er að setja reglur um svokallaðar frístundaveiðar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að við samningu þess hafi að miklu leyti verið tekið mið af niðurstöðum og tillögum starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi skipað á síðasta ári til að fara yfir starfsumhverfi svokallaðra frístundabáta. Í þeim starfshópi áttu hvorki útvegsmenn, sjómenn eða aðrir þeir sem hagsmuna eiga að gæta í sjávarútvegi sæti og fengum við þannig ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Sérstaka athygli vekur að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd skuli ekki gefa sjómönnum kost á að tjá sig um frumvarpið en eiga þeir þó ríka hagsmuni í málinu eins og útvegsmenn.

Við teljum mikilvægt að um svokallaðar frístundaveiðar gildi skýr lög. Það er sanngirnismál að þeir sem gera út í atvinnuskyni sitji við sama borð, hvort sem þeir gera út á ferðamenn eða stunda hefðbundnar fiskveiðar. Við leggjum því ofuráherslu á að um þessa útgerð gildi allar sömu grundvallarreglur og um aðra útgerð, þ.m.t. að þessar útgerðir allar hafi aflamark/krókaafلامark fyrir þeim afla sem skip þeirra bera að landi. Á þetta lögðum við ríka áherslu á á fundi nefndarinnar og viljum undirstrika það hér með.


Með bréfi þessu viljum við ítreka það sem fram kom í málflutningi okkar fyrir nefndinni þ.e.:

- Að allir sem stunda útgerð hafi aflamark/krókaafلامark fyrir þeim afla sem skip þeirra færa á land.

- Að í 1. málslið 1. mgr. 2. greinar frumvarpsins verði tekið fram að frístundaveiðar sem þar er kveðið á um taki einungis til íslenskra ríkisborgara og að málsliðurinn orðist því þannig: „Heimilt er íslenskum ríkisborgurum án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu.”
- Að felldur verði 2. málsliður 2. töluliðar 4. mgr. 2. greinar frumvarpsins sem orðast þannig: ”Ráðherra ákveður með reglugerð hversu miklu magni hverjum báti sem stundar veiðar samkvæmt þessum tölulið er heimilt að landa daglega af ákveðnum kvótabundnum tegundum, sem ekki reiknast til aflamarks/krókaafلامarks viðkomandi báts.” Það er algjörlega rakalaust að telja ekki allan afla þessara báta til aflamarks/krókaafلامarks og engin tilraun er gerð til að rökstyðja það í greinargerð með frumvarpinu. Auk þess er vert að vekja athygli þingmanna á því hvaða vanda það skapar við eftirlit að hafa ákvæði sem þetta í lögum.
- Að þriðja grein frumvarpsins falli niður.

Það er ekki góð pólitík að hirða veiðiheimildir af sjávarútvegsfyrirtækjum og færa þær öðrum, jafnvel í sama byggðarlagi. Markmiðið hlýtur því að vera að draga úr og að lokum að fella niður ákvæði um byggðakvóta. Við leggjum því mikla áherslu á að þetta ákvæði verði fellt út.

Virðingarfyllst,



Friðrik Jón Arngrímsson,
framkvæmdastjóri